

Nr. 10/1896.

O. P. Ottesen
 gegn
 Jóni Ásmundssyni.

Dómur:

Áfrýjandi máls þessa, O. P. Ottesen, hefur lög-sótt hinn stefnda Jón Ásmundsson, bónda á Ósi, fyrir það, að hann hafi tvívegis sumarið 1893 í júlí og öndverðum ágústmánuði heimildarlaust tekið hey tilheyrandi áfrýjandanum, er hann hafi slegið á engjaparti, sem nefnist Slaga og áfrýjandinn eignar sjer; hafi það verið 9 hestar af þurkuðu og óþurkuðu heyi; og ennfremur fyrir það, að hann hafi aptur sumarið 1894 aðfaranótt hins 15. ágústmánaðar ólöglega og með yfirgangi tekið til sín og hirt 14 hesta af þurkuðu og uppsettu heyi, sem áfrýjandi hafði slegið og verkað á sama engjastykki. Fyrir þessar aðfarir kærði O. P. Ottesen Jón bónda Ásmundsson fyrir hlutaðeigandi hreppstjóra og síðar fyrir sýslumanni í ágústmánuði 1894, og var þá hafin opinber rannsókn út af kærinni, en er rannsóknin eigi leiddi til málshöfðunar af hálfu hins opinbera, höfðaði O. P. Ottesen sjálfur málið með sáttakæru, dags. 2. apríl f. á., og stefnu gegn Jóni Ásmundssyni fyrir aukarjetti Mýra- og Borgarfjardarsýslu, útgefinni 16. s. m.; krafðist hann sekta samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, skaðabóta að upphæð 60 kr. með 5% vöxtum frá dagsetningu sáttakærunnar og málskostnaðar að skaðlausu, en með dómi aukarjettarins, uppkveðnum 28. nóv. f. á., var mál-

inu ráðið til lykta á þá leið, að Jón Ásmundsson var dæmdur sýkn fyrir skaðabótakröfu O. P. Ottesens, en á hinn bóginn dæmdur eptir 117. gr. hegningarlaganna til að greiða 30 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara til að sæta 9 daga einföldu fangelsi; málskostnaður var látinn falla niður. Þessum aukarjettardómi hefur O. P. Ottesen áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 8. febr. þ. á., og gjört þær rjettarkröfur, að hin ídæmda sekt verði hækkuð, að stefndi verði dæmdur til að greiða 60 kr. skaðabætur fyrir heytökuna, og að hann verði skyldaður til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum skaðlaust. Hinn stefndi, Jón Ásmundsson, hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjadi dómur verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins.

Það verður að fallast á það, að hinn stefndi hefur eigi verið dæmdur til reisingar fyrir heytöku þá, er hann gjörði sig sekan í sumarið 1893, með því að brot það var fyrnt samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna, þá er áfrýjandi kærði hinn stefnda í ágústmánuði 1894. Kemur því nú að eins til álita heytaka hins stefnda sumarið 1894. Að því er hana snertir, er það sannað og viðurkennt af stefnda, að hann hafi að kvöldi hins 14. ágústmánaðar eða þá um nóttina farið með syni landsdrottins síns og eptir hans áskorun inn á þann part hinnar svo kölluðu »Slögu«, sem áfrýjandi hefur notað til slægna undanfarin ár, að minnsta kosti síðan árið 1886, og tekið þar úr sæti

14 hesta af heyi og flutt heim til sín, en þetta hey hafði annar maður slegið þar með leyfi áfrýjanda. Hinn stefndi tók til sín og hagnýtti sjer nokkurn hluta heysins, en nokkurn hluta þess fjekk maður sá, sem var í verki með honum.

Af skjölum málsins kemur það í ljós, að áfrýjandi telur sig eiganda að $\frac{1}{3}$ hluta engjaparts þess, sem kallaður hefur verið »Slaga«, og hefur hann kaupbrjef fyrir honum, útgefið 23. júní 1883, en eigandi jarðarinnar Óss telur sig eiga alla Slöguna, með því að hún öll hafi fylgt Ósi, þá er hann keypti þessa jörð, enda hefur hann lagt fyrir landseta sinn, ábúandann á Ósi, að yrkja alla Slöguna. Út af ágreiningi þessum um eignarrjettinn urðu málaferli milli hlutaðeigenda, áður en áfrýjandinn keypti Slögupartinn, en fullnaðardómur fjekkst þó ekki um ágreiningsefnið, en það er viðkennt, að áfrýjandi hafi notað $\frac{1}{3}$ hluta Slögunnar sem sína eign síðan 1883, og að síðan 1886 hafi það einmitt verið sá partur Slögunnar, þar sem stefndi tók heyið 1894; ennfremur, að þessi afnot áfrýjanda af Slögupartinum hafi verið alveg óátalin frá því 1885, unz stefndi 1893 rjeddust í að taka heyið upp fyrir honum; og loksins er það sannað, að eigandi Óss, sem þá var eiginmaður hins núveranda eiganda, byggði áfrýjanda $\frac{2}{3}$ Slögunnar með byggingarbrjefi 22. sept. 1885, og er það fullljóst af byggingarbrjefi þessu, að eigandi Óss þá hefur eigi gjört eignartilkall til Slögunnar nema að $\frac{2}{3}$ hlutum hennar. Í máli þessu verður að vísu eigi dæmt um eignarrjettinn yfir greind-

um Slöguparti, en á hinn bóginn verður að álíta eptir hinu framansagða, að áfrýjandi hafi haft þriðjung Slögunnar í eignarhaldi, er stefndi tók þar heyið sumarið 1894, og með því að stefndi hefur eigi sannað, hvorki að hann hafi löglega eignarheimild yfir þessum Slöguparti, nje heldur að eignarhald áfrýjanda sje á nokkurn hátt ólöglegt, verður hann eptir kröfu áfrýjanda bæði að greiða sekt til landssjóðs fyrir ólöglega sjálftöku samkvæmt 117. gr. almennra hegningarlaga og skaðabætur fyrir heytökuna í ágústmánuði 1894 til áfrýjanda, sbr. 302. gr. hegningarlaganna, eins fyrir það þótt áfrýjandi leigði öðrum manni partinn til slægna, og heyið væri því eign þessa manns, enda hefur áfrýjandi fært rök fyrir því, að hann hafi endurgoldið þessum manni verð heysins. Sektin þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 30 kr., svo og vararefsingin 9 daga einfalt fangelsi. Með því að stefndi hefur í hjeradi mótmælt skaðabótakröfu áfrýjanda sem »allt of hárrí«, þykir rjett að láta upphæð hennar vera komna undir mati 2 dómkvaddra óvilhallra manna. Eptir þessum úrslitum málsins getur stefndi ekki komizt hjá því að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum rjettum, sem ákveðst 60 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Jón Ásmundsson greiði 30 kr. sekt til landssjóðs eða sæti 9 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma; ennfremur á hann að greiða áfrýjandanum,

O. P. Ottesen, skaðabætur eptir mati 2 rdómkvaddra, óvilhallra manna fyrir umrætt hey, sem hann tók fyrir áfrýjanda kvöld hins 14. eða aðfaranótt hins 15. dags ágústmánaðar 1894, og að auki 60 kr. í málskostnað.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júlímánaðar.

Nr. 1/1896.

Lárus Bjarnason

gegn

Jóakim Jóakimssyni,

Guðmundi Guðmundssyni og

Albert Jónssyni.

D ó m u r :

Í máli, er áfrýjandinn Lárus sýslumaður Bjarnason höfðaði gegn hinum stefndu Jóakim snikkara Jóakimssyni, Guðmundi bátasmið Guðmundssyni og Albert járnsmið Jónssyni, öllum til heimilis á Ísafirði, út af meiðandi ummælum um sig í kæruskjali til amtmannsins yfir Vesturamtinu, dagsettu í aprílmánuði 1893, var dómur uppkveðinn í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 7. maímán. 1894 með þeim úrslitum, að hin átöldu meiðandi ummælium áfrýjandann skyldu vera dauð og ómerk og hinir stefndu greiða í sekt til landsjóðs hver um sig 65 kr. eða sæta til vara 18 daga einföldu fangelsi. Svo skyldu hinir stefndu og greiða einn fyrir alla